

## **326 - stjórnarfundur LEB 9. janúar 2020**

Haldinn á skrifstofu LEB, Sigtúni 42, Reykjavík, kl. 10.10 – 13.00

Mættir: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Haukur Halldórsson, Valgerður Sigurðardóttir, Ellert B.

Schram, Ingólfur Hrólfsdóttir og Drífa Sigfúsdóttir boðuðu forföll.

Dagbjört Höskuldsdóttir og Drífa Sigfúsdóttir boðuðu forföll.

Fundinn sat einnig starfsmaður LEB, Viðar Eggertsson.

Fundargerð síðasta fundar hún afgreidd og undirrituð

### **1. Staðan í dag. Hvað segja eldri borgarar?**

Rætt var um stöðuna nú eftir áramót og árið 2019 sett undir mæliker. Mikil óánægja er meðal eldri borgara með tömlæti stjórnmalamanna um málefni eldri borgara og sérstaklega kjaramálin. Mikil vonbrigði eru að koma ekki áfram þeim 2 frumvörpum sem lágu á Alþingi fyrir þinglok, annars vegar um sveiganleg starfslok og hins vegar um félagslega aðstoð til fólks með búsetuskerðingar. Hvar stoppar þetta? Hver ber ábyrgð á að mál séu ekki kláruð? Fjármálaráðuneytið fær ekki góða einkunn fyrir að setja aðeins inn 3.5 % hækkan á greiðslum almannatrygginga, en þar með gliðnar bilið milli lægstu launa og eldra fólks verulega. Nauðsyn þess að tengja við launapróun er gríðarlega mikilvæg. Stjórnin er sammála um að kalla eftir fundum með ráðherrum.

### **2. Afsláttarbókin. Viðtal við FEB –R og tillögur í málinu.**

Umræður um afsláttarbókina fóru fram og var málið rakið í sögulegu tilliti. Nú eru breyttir tímar og er sú tillaga frá FEB í Reykjavík að vinna verkið í fullkomnu samstarfi umræðuefnin. Það er enn talin þörf á bókinni og enn mikið spurt um hana. Næstu ár munu væntanlega taka við app og fleiri rafrænir möguleikar. Tillagan gengur út á að LEB leggi til fjármagn fyrir vinnu við að taka efni saman og vinna alla leið í prentun. Stjórnin samþykkti að greiða fyrir þá vinnu 2 millj. Þetta samkomulag verður síðan endurskoðað á vormánuðum. Þá liggi fyrir uppgjör fyrir verkið. Haft verður samband við öll félög á landinu um að taka virkan þátt.

### **3. Ný ferðaskrifstofa á hvers vegum og hvað svo.**

Auglýsingar í dagblöðum og víðar um Ferðaskrifstofu eldri borgara hefur vakið mikla undrun bæði að nafnið er næstum alveg frá FEB-R og áfangastaðirnir einnig þeir sömu. Ellert og Ólafur fóru yfir þetta mál og sögðu frá viðbrögðum stjórnar FEB-R en þau lýsa því yfir að þessi ferðaskrifstofa sé alls EKKI á nokkurn hátt tengd FEB-R enda muni þau sjá um sínar ferðir eins og verið hefur og hyggjast jafnvel auka í, ef eitthvað er.

### **4. Nokkur erindi / 2 nøfn í nefndir**

Til LEB hefur verið leitað eftir mögulegu samstarfi um stóra umsókn til ESB tengda öldrunarmálum og velferðartækni. Roxana frá Rúmeníu kom og kynnti málið og samþykkti fundurinn að LEB hefði heimild til að halda áfram að skoða þessa möguleika. Einnig var farið yfir t.d. ósk um verkefni á félagsfræðibraut HÍ. Tilnefning í laganeftnd LEB var kláruð á síðasta fundi en tilnefning í uppstillingarnefnd er ólokið.

### **5. Endurskoðun reikninga.**

Farið var yfir að í samningi LEB við UMFÍ vegna húsaleigu væri margt sem ætti að vera innifalið en er ekki í reynd. Þar á meðal bókhaldsvinna. Nú eru komnir inn leigjendur hjá UMFÍ sem eru tvær ungar konur sem vinna bókhald fyrir mörg fyrirtæki. Var rætt um að skoða möguleika á tilboði í lokabókhald og endurskoðun LEB.

### **6. Starfslokanámskeið.**

Enn er nokkur afgangur af styrk til endurskoðunar kennsluefnis LEB á starfslokanámskeiðum. Stefnt að að kosta nokkur slík námskeið á næstu mánuðum og þá ekki síst á landsbyggðinni.

### **7. Útsendingar til félaganna / Ársskýrslan og logo**

Þessa dagana verður Ársskýrsluformið sent út og fulltrúar aðildarfélaga minntir á að þau geta notað logo LEB á skírteini sín, því þannig verða þau sterkari í notkun vítt og breytt.

### **8. Nýr styrkur frá Heilbrigðisráðuneyti.**

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra kallaði til sín formann LEB, Þórunni, til að veita viðtöku styrk frá ráðuneytinu til að vinna að forvörnum gegn einmanaleika og félagslegri

einangrun. Styrkurinn er hugsaður til aukinnar fræðslu meðal allra aðila sem málið varðar og til eflingar nýrra úrræða. Styrkurinn er þrjár milljónir króna. Mikil ánægja kom fram hjá stjórnarmönnum.

#### **9. Umhverfismálin; styrkumsókn er farin og tillögur að aðferð.**

Umhverfisráðuneytið auglýsti í nóvemberlok eftir styrkumsækjendum til að gera sýnileg átaksverkefni í aukinni umhverfisvernd og eflingu umræðu um þau mál. LEB lagði inn umsókn um styrk til að gera fjórar stuttar öflugar auglýsingastíklur um mál sem verður hvatning til fólks í að skoða og læra; hvað getum við gert betur. Vinnuheiði verkefnisins er „Umbúðarlausir eldri borgarar“.

#### **10. Erlend samskipti ; fundur í maí**

NOPO vorfundurinn verður í Færeyjum og er gert ráð fyrir að Þórunn og Haukur sækji Færeyinga heim.

#### **11. Önnur mál.**

- Samningar um sérstök afsláttarkjör hjá tveimur fyrirtækjum hafa náðst. ParkAndFly á Keflavíkurflugvelli veitir eldri borgurum afslátt af þjónustu sinni vegna bíla sem þeir vilja láta geyma fyrir sig meðan þeir eru á ferðalagi erlendis. Einnig veitir Atlantsolía eldri borgurm sérstök kjör. Þessi afsláttarkjör verða kynnt aðildarfélögum sem og á heimasíðu LEB. Fyrir voru afsláttarkjör hjá OLÍS.

- Á fundinn kom Guðrún Ágústsdóttir og afhenti stjórnarfólki nýjan bækling um velferðartækni sem hún hefur haft veg og vanda að fyrir hönd LEB.

Félagsmálaráðuneytið styrkti útgáfuna og hann var unnin í samvinnu við Reykjavíkurborg og FEB-R.

Fundi slitið kl. 13.15

Fundargerð rituðu Þórunn Sveinbjörnsdóttir og Viðar Eggertsson

*Þórunn Sveinbjörnsdóttir. Nafngertun signataud.  
Haukur Haalandsson  
Ingólfur Helguson  
Olavur Ólafsson*